

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 884/2001

2008/EES/68/39

frá 24. apríl 2001

þar sem mælt er fyrir um ítarleg framkvæmdaákvæði varðandi fylgiskjöl vegna flutnings á vínaforðum og skrár sem þarf að halda innan víngeirans (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins⁽¹⁾, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 2826/2000⁽²⁾, einkum 3. mgr. 70. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilliti til stofnunar innri markaðarins í Bandalaginu, sem felur í sér afnám hindrana milli aðildarríkjanna, er nauðsynlegt að sjá yfirvöldum, er hafa eftirlit með birgðum og markaðssetningu vínaforða, fyrir nauðsynlegum úrræðum til að halda úti skilvirkri eftirliti í samræmi við samræmdar reglur Bandalagsins.
- 2) Samkvæmt 1. mgr. 70. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 er aðeins heimilt að setja vínaforðir í dreifingu innan Bandalagsins ef þeim fylgir fylgiskjal sem þar til bær yfirvöld hafa farið yfir. Skv. 2. mgr. 70. gr. er einstaklingum eða lögaðilum, sem ráða yfir vínaforðum, gert skylt að halda innfærslu- og útfærsluskrár fyrir þessar afurðir.
- 3) Stigin voru skref í átt að skattasamræmingu í Bandalaginu með tilskipun ráðsins 92/12/EBE frá 25. febrúar 1992 um almennar ráðstafanir varðandi afurðir sem vörugjald er lagt á og yfirráð yfir þessum afurðum, flutning og eftirlit með þeim⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 2000/47/EB⁽⁴⁾ og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2719/92 frá 11. september 1992 um opinber fylgiskjöl vegna flutnings vörugjaldsskyldra afurða sem eru á tollundanþágu⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 2225/93⁽⁶⁾, og (EBE) nr. 3649/92 frá 17. desember 1992 um einfaldað fylgiskjal vegna flutnings innan Bandalagsins á vörugjaldsskyldum afurðum sem hafa verið settar á neytendamarkað í sendingar- aðildarríkinu⁽⁷⁾. Til þess að unnt sé að setja samræmdar reglur í Bandalaginu og einfalda formsatriði á sviði stjórnsýslu bæði fyrir fyrirtæki og almenning skal

endurskoða gildandi reglur Bandalagsins í ljósi reynslunnar og krafna hins innri markaðar. Einkum skal nota fylgiskjöl vegna flutnings á vínaforðum, sem krafist er samkvæmt skattaákvæðum, til að tryggja sannvottaðan uppruna afurðarinnar.

- 4) Fyrirnefnd ákvæði um gerð opinberra fylgiskjala og einfaldaða fylgiskjalsins vísa til reglna um vottun á uppruna og gæðum tiltekinna vintegunda. Af þeim sökum skal setja reglur um slíka vottun. Einnig skal setja reglur um vottun á uppruna tiltekinna vína vegna flutnings sem er óháður skattameðferð, einkum útflutnings. Til þess að einfalda formsatriði á sviði stjórnsýslu fyrir einstaklinga og til að létta álagi af þar til bærum yfirvöldum skal sjá til þess að þau geti heimilað sendendum, sem uppfylla tiltekin skilyrði, að færa sjálfir þær upplýsingar á fylgiskjalið sem votta um uppruna vínsins með fyrirvara um að viðeigandi eftirlit hafi farið fram.
- 5) Farmi af vínaforðum, sem falla ekki undir fyrirnefnd skattaákvæði, skal fylgja skjal sem gerir þar til bærum yfirvöldum kleift að fylgjast með flutningnum. Leyfa má hvers konar viðskiptaskjal þar sem fram koma nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á vöruna og rekja flutning hennar.
- 6) Hafa skal sérstakt eftirlit með vínaforðum sem fluttar eru í búlkum þar sem meiri líkur eru á svikum með slíkar afurðir en afurðir sem merktar eru á flöskum með einnota lokunarbúnaði. Krefjast skal viðbótarupplýsinga og fyrirframfullgildingar á fylgiskjalinu í slíkum tilvikum.
- 7) Til þess að komast hjá ónauðsynlegum og flóknum formsatriðum á sviði stjórnsýslu skal engra skjala krafist vegna flutnings ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 128, 10.5.2001, bls. 32. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn, um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44, 7.9.2006, bls. 39.

(1) Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.

(2) Stjtið. EB L 328, 23.12.2000, bls. 2.

(3) Stjtið. EB L 76, 23.3.1992, bls. 1.

(4) Stjtið. EB L 193, 29.7.2000, bls. 73.

(5) Stjtið. EB L 276, 19.9.1992, bls. 1.

(6) Stjtið. EB L 198, 7.8.1993, bls. 5.

(7) Stjtið. EB L 369, 18.12.1992, bls. 17.

- 8) Fylgiskjöl vegna flutnings vínaforða og viðkomandi færslur í færsluskrár eru ein heild. Til þess að tryggt sé að þar til bær yfirvöld geti með öruggum hætti fylgst með flutningi og birgðahaldi á vínaforðum með því að skoða færsluskrár, einkum í samstarfi milli þessara yfirvalda í hinum ýmsu aðildarríkjum, skal samræma reglur um slíkt skráahald í Bandalaginu.
- 9) Sérstök hættu er á svikum þegar notuð eru efni við vinnfræðilegar vinnsluáferðir, einkum auðgun, sýringu og sætun. Af þeim sökum skal halda skrár yfir þessi efni til að gera þar til bærum yfirvöldum kleift að fylgjast með flutningi þeirra og notkun.
- 10) Fylgiskjalið vegna flutnings vínaforða, sem mælt er fyrir um í reglum Bandalagsins, veitir gagnlegar upplýsingar þeim aðilum sem bera ábyrgð á að farið sé að reglum Bandalagsins og landsbundnum reglum í vingeiranum. Aðildarríkjunum ætti að vera heimilt að setja viðbótarreglur um beitingu þessarar reglugerðar vegna flutnings sem hefst á yfirráðasvæði þeirra.
- 11) Í 1. mgr. 18. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2238/93 frá 26. júlí 1993⁽¹⁾ um fylgiskjöl vegna flutnings á vínaforðum og aðrar skrár sem þarf að halda í vingeiranum, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1592/1999 frá 20. júlí 1999⁽²⁾, er aðildarríkjunum gefinn kostur á því að setja viðbótar- eða sérákvæði um viðkomandi afurðir sem eru í dreifingu á yfirráðasvæði þeirra. Í einu þessara ákvæða er mælt fyrir um að í stað upplýsinga um eðlismassa þrúgumusts megi, á aðlögunartímabili, koma tilvísun til eðlismassa í Oechsle-gráðum. Upprunalegur aðlögunartími rann út 31. ágúst 1996 og var framlengdur til 31. júlí 2000. Smærri framleiðendur landbúnaðarafurða hafa einkum fylgt þessari hefð og þurfa enn nokkur ár til að taka upp nýju reglurnar um eðlismassa. Því skal 31. júlí 2002 koma í stað viðkomandi dagsetningar.
- 12) Villa hefur slæðst inn í ítölsku útgáfuna af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2238/93 við birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins 1993. Fyrsta undirgrein 2. mgr. 4. gr. í ítölsku útgáfu reglugerðarinnar vísar til 9. gr. tilskipunar 92/12/EBE fremur en tilskipunar 92/12/EBE í heild sinni. Ítölsk yfirvöld hafa beitt ítölsku útgáfu reglugerðarinnar og til að þau geti gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að beita hinum nýja leiðrétta texta án þess að valda rekstraraðilum erfiðleikum skal 2. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar öðlast gildi sex mánuðum síðar á Ítalíu.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um vinnu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um nákvæmar reglur um beitingu 70. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar fylgiskjöl vegna flutnings á vínaforðum, með fyrirvara um beitingu tilskipunar 92/12/EBE. Í henni er mælt fyrir um:

- a) reglur um vottun á uppruna gæðavína sem eru framleidd í tilgreindum héruðum og vottun á uppruna borðvína sem mega bera landfræðilega merkingu í fylgiskjöllum vegna flutnings þessara vína sem eru einnig gefin út samkvæmt reglum Bandalagsins sem grundvallast á tilskipun 92/12/EBE,
- b) reglur um útgáfu fylgiskjala vegna flutnings vínaforðanna sem eru skráðar í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999:
- innan aðildarríkis, þegar skjal í samræmi við reglur Bandalagsins, er grundvallast á tilskipun 92/12/EBE, fylgir ekki með slíkum sendingum,
 - við útflutning til þriðja lands,
 - í viðskiptum innan Bandalagsins ef:
 - sá sem gengur frá flutningnum er smáframleiðandi sem aðildarríkið, sem flutningurinn hefst í, veitir undanþágu frá því að útbúa einfaldað fylgiskjal, eða
 - flutt er vínaforð sem ekki er vörugjaldsskyld,
- c) viðbótarákvæði vegna gerðar:
- opinbers fylgiskjals eða viðskiptaskjals sem er notað í þess stað,
 - einfaldaðs fylgiskjals eða viðskiptaskjals sem er notað í þess stað,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 200, 10.8.1993, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 188, 21.7.1999, bls. 33.

þegar um er að ræða flutning vínaforðanna sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999.

2. Í þessari reglugerð eru einnig reglur um hvernig aðilar, sem ráða yfir vínafurðum í starfi sínu, skuli halda skrár með inn- og útfærslum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „þar til bætt yfirvald“: það yfirvald sem ber ábyrgð á framkvæmd þessarar reglugerðar fyrir hönd aðildarríkis,
- b) „framleiðandi“: einstaklingur eða lögpersóna eða hópur slíkra aðila sem ræður yfir eða hefur ráðið yfir ferskum þrúgum, þrúgumusti eða nýju víni enn í gerjun og umbreytir þeim í vín eða fær annan til þess fyrir sig,
- c) „smáframleiðandi“: framleiðandi sem framleiðir að meðaltali minna en 1 000 hektólítra af víni á ári. Aðildarríkin skulu taka tillit til meðalframleiðslu a.m.k. þriggja ára í röð. Aðildarríkin þurfa ekki að líta á þá framleiðendur sem kaupa ferskar þrúgur eða þrúgumust og umbreyta þeim í vín sem smáframleiðendur,
- d) „smásali“: einstaklingur eða lögpersóna eða hópur slíkra aðila sem stundar m.a. þá starfsemi að selja vín beint til neytenda í smáum stíl, en hvert aðildarríki skilgreinir magnið nánar með hliðsjón af því sem einkennir viðskipti og dreifingu þar, þó ekki þeir sem nota kjallara sem eru búnir til birgðahalds og, ef við á, aðstöðu til að setja vín á flöskur í stórum stíl eða farandkaupmenn sem selja vín sem eru flutt í búlkum,
- e) „opinbert fylgiskjal“: skjal sem uppfyllir kröfur reglugerðar (EBE) nr. 2719/92,
- f) „einfaldað fylgiskjal“: skjal sem uppfyllir kröfur reglugerðar (EBE) nr. 3649/92,
- g) „seljandi sem heldur ekki birgðir“: einstaklingur eða lögpersóna eða hópur slíkra aðila sem starfar við kaup eða sölu vína eða en ræður ekki yfir birgðastað fyrir afurðirnar,
- h) „viðurkenndur lokunarbúnaður“: lokunarbúnaður á ílát þar sem nafnrúmmál er ekki meira en fimm lítrar eins og skráð er í lista í I. viðauka,
- i) „átöppun“: það að tappa viðkomandi vöru á ílát, sem rúma mest 60 lítra, til að bjóða megi hana til sölu,

- j) „átappari“: einstaklingur eða lögpersóna eða hópur slíkra aðila sem stundar átöppun eða lætur átöppun fara fram á sínum vegum.

I. BÁLKUR

Fylgiskjöl vegna flutnings á vínafurðum

3. gr.

1. Þeir einstaklingar eða lögpersónur, eða hópar slíkra aðila, að meðtöldum seljendum sem halda ekki birgðir, er hafa lögheimili eða skráða starfsstöð á tollsvæði Bandalagsins og standa að eða stuðla að flutningi vína eða verða að útbúa á eigin ábyrgð fylgiskjal vegna flutningsins sem nefnist hér á eftir „fylgiskjal“.

Á fylgiskjalinu skulu a.m.k. koma fram eftirtaldar upplýsingar í samræmi við leiðbeiningar í II. viðauka:

- a) nafn og heimilisfang sendanda,
- b) nafn og heimilisfang viðtakanda,
- c) tilvísunarnúmer til að auðkenna fylgiskjalið,
- d) hvenær skjalið var útbúið og sendingardagur ef ekki er um sama dag að ræða,
- e) lýsing á afurðinni sem er flutt í samræmi við reglur Bandalagsins og landsbundnar reglur,
- f) magn afurðarinnar sem er flutt.

Þegar flutt eru ílát þar sem nafnrúmmál er meira en 60 lítra skulu eftirtaldar upplýsingar einnig koma fram í skjalinu:

- g) ef um er að ræða:
 - vín: raunverulegur alkóhólstyrkleiki,
 - ógerjaðar afurðir: brotstuðull eða eðlismassi,
 - nýtt vín enn í gerjun og þrúgumust í gerjun: heildaralkóhólstyrkleiki,
- h) ef um er að ræða vín og þrúgumust:
 - vínræktarsvæðið, í samræmi við aðgreininguna sem sýnd er í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 þar sem flutta afurðin er upprunnin, og skal nota eftirfarandi skammstafanir: A, B, CI (a), CI (b), CII, CIII (a) og CIII (b),

— aðgerðirnar sem um getur í II. viðauka, sem flutta afurðin hefur gengist undir.

2. Eftirfarandi skjöl eru viðurkennd sem fylgiskjöl:

a) fyrir afurðir sem falla undir formsatriði er varða flutning afurða sem mælt er fyrir um í tilskipun 92/12/EBE:

— ef afurðinni er dreift og vörugjald fellt niður, stjórnsluskjal eða viðskiptaskjal sem er útbúið í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2719/92,

— ef afurðin er send innan Bandalagsins og sett á neytendamarkað í sendingarríkinu, einfaldað fylgiskjal eða viðskiptaskjal sem er fyllt út í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 3649/92,

b) fyrir afurðir sem falla ekki undir formsatriði er varða flutninga á afurðum, sem mælt er fyrir um í tilskipun 92/12/EBE, hvert það skjal sem veitir þær lágmarksupplýsingar, sem um getur í 1. mgr., auk viðbótarupplýsinga, sem aðildarríkið kann að krefjast, og útbúið er út í samræmi við ákvæði þessa bálks.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að krefjast þess að fylgiskjal vegna flutnings afurða, sem um getur í 1. mgr., sem hefst á yferráðasvæði þeirra, skuli útbúið í samræmi við fyrirmyndina í III. viðauka.

Ef um er að ræða flutning sem hefst og lýkur á yferráðasvæði aðildarríkis getur það ríki ákveðið að falla frá kröfunni um að skipta þurfi fylgiskjölum í reiti eða tölusetja upplýsingarnar eins og á fyrirmyndinni í III. viðauka.

4. Ef fylgiskjal er fyllt út og látið fylgja sendingu af vínafurð í ílátum þar sem nafnrúmmál er meira en 60 lítrar skal þar til bæra yfirvaldið, sem nefnt er á skjalinu (nafn og heimilisfang), úthluta tilvísunarnúmeri. Yfirvaldið getur verið skattaeftirlitsaðili.

Tilvísunarnúmerin skulu vera í hlaupandi númeraröð. Þau skulu prentuð fyrirfram á skjölin sem fylgja sendingunni.

Frumrit af fylgiskjalinu sem um getur í fyrstu undirgrein, rétt útfyllt, og afrit af því skal fullgilt fyrirfram og vegna hvers flutnings:

— með stimpli þar til bærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem flutningurinn hefst, eða

— af sendanda með þar til gerðum stimpli eða merki eftir stimpilvél sem til bært yfirvald viðurkennir.

Þegar opinbert skjal eða viðskiptaskjal sem uppfylla skilyrði reglugerðar (EBE) nr. 2719/92 eða einfaldað fylgiskjal eða viðskiptaskjal sem uppfylla skilyrði reglugerðar (EBE) nr. 3649/92 er notað skal fullgilda fyrsta og annað afrit fyrirfram í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í þriðju undirgrein.

4. gr.

Þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr. þarf ekkert skjal að fylgja:

1. þegar um er að ræða vínafurðir í ílátum þar sem nafnrúmmál er meira en 60 lítrar, sendingum:

a) af þrúgum, einnig pressuðum, eða þrúgumusti, sem þrúguframleiðendur sjá um að flytja sjálfir frá vénekrum sínum eða annarri starfsstöð sem tilheyrir þeim, ef heildarvegalengd er ekki meiri en 40 km og flutt er:

— ef um er að ræða einstaka framleiðendur: til víngerðar þeirra,

— ef um er að ræða samtök framleiðenda: til víngerðar samtakanna.

Þar til bærnum yfirvöldum er heimilt að auka hámarksvegalengdina úr 40 km í 70 km í undantekningartilvikum,

b) af þrúgum, einnig pressuðum, sem framleiðendurnir flytja sjálfir eða þriðju aðilar, aðrir en viðtakendur, fyrir þá frá vénekrum þeirra:

— ef flutt er til víngerðar viðtakanda sem er í sama vínæktarhéraði, og

— ef heildarvegalengd er ekki meiri en 40 km. Þar til bærnum yfirvöldum er heimilt að auka hámarksvegalengdina í 70 km í undantekningartilvikum,

c) af vinediki,

d) af hvaða afurð sem er ef þar til bært yfirvald hefur heimilað flutninginn innan sömu staðbundnu stjórnsýslueiningar eða til staðbundinnar stjórnsýslueiningar í næsta nágrenni eða, ef stök heimild hefur verið veitt, innan sömu héraðsbundnu stjórnsýslueiningar, ef afurðin:

— er flutt milli tveggja starfsstöðva fyrirtækis, samanber þó beitingu a-liðar í 2. mgr. 12. gr. eða

- skiptir ekki um eigendur og er flutt til vínframleiðslu, vinnslu, geymslu eða átöppunar,
- e) af þrúguhrati og vindreggjum:
- til eimingarstöðvar ef afurðinni fylgir afhendingar-seðill sem þar til bær yfirvöld aðildarríkisins, þar sem flutningur hefst, hafa mælt fyrir um, eða
- ef flutt er í þeim tilgangi að innkalla vínafurðina úr vínframleiðsluferlinu skv. 7. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999,
2. Þegar um er að ræða afurðir í ílátum með nafnrúmmál að hámarki 60 lítra og með fyrirvara um reglur tilskipunar 92/12/EBE, sendingar:
- a) af afurðum í merktum ílátum sem lokað er með viðurkenndum einnota lokunarþúnaði sem gerir kleift að bera kennsl á átappara og með nafnrúmmál að hámarki fimm lítra, þar sem heildarmagn fer ekki yfir:
- fimm lítra af þrúgumustsþykkni, einnig hreinsuðu,
- 100 lítra af öllum öðrum afurðum,
- b) af víni eða þrúgusafa ætlað sendiráðum, ræðismannsskrifstofum og svipuðum stofnunum, innan þeirra marka sem þeim eru sett,
- c) af víni eða þrúgusafa:
- sem flutt er með búslóð í einkaeign og er ekki ætlað til sölu,
- í skipum, flugvélum eða lestum og ætlað til neyslu um borð,
- d) af víni og þrúgumusti í gerjun, sem einstaklingar flytja og er ætlað til einkaneyslu viðtakanda eða fjölskyldu hans, að öðru leyti en um getur í a-lið þar sem flutt magn fer ekki yfir 30 lítra,
- e) af hvers konar afurð sem er ætluð til vísindalegra eða tæknilegra tilrauna, þar sem flutt heildarmagn fer ekki yfir einn hektólítra,
- f) af sýnishornum á vöru,
- g) af sýnishornum fyrir opinbera stofnun eða rannsóknastofu.
- Ef veitt er undanþága frá kröfunni um að leggja fram fylgiskjal, sem um getur í a- til e-lið, skulu sendendur, aðrir
- en smásalar eða einstaklingar sem stundum ráðstafa afurðinni til annarra einstaklinga, hvenær sem er geta sannað að allar færslur í skrárnar sem kveðið er á um II. bálki eða í aðrar skrár sem hlutaðeigandi aðildarríki krefst, séu réttar.
5. gr.
1. Ef þar til bært yfirvald kemst að því að einstaklingur eða löggjafarstjórn eða hópur slíkra aðila, sem sér um flutning á vínafurð eða fær aðra til þess fyrir sig, hefur gerst sekur um alvarlegt brot á ákvæðum Bandalagsins um vingeirann eða landsbundnum ákvæðum um sama efni eða ef yfirvaldið hefur rökstuddan grun um slíkt brot getur það farið fram á eftirfarandi málsmeðferð:
- Sendandi skal fylla út fylgiskjalið og fara fram á fullgildingu þar til bær yfirvalds. Skilyrði varðandi notkun vörunnar geta fylgt þegar slík fullgilding er veitt. Fullgilding skal felast í stimpli, undirskrift embættismanns þar til bæra yfirvaldsins og dagsetningu. Ofangreind málsmeðferð á einnig við um flutning á afurðum sem samræmast ekki reglum Bandalagsins eða landsbundnum reglum varðandi framleiðsluskilyrði eða samsetningu.
2. Á fylgiskjölum vegna alls flutnings afurða frá þriðju löndum um tollsvæði Bandalagsins sem fara í frjálsa dreifingu skal koma fram:
- númer VI 1 skjalsins sem fyllt er út í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 883/2001 ⁽¹⁾,
- hvenær skjalið var fyllt út,
- nafn og pósthfang þess yfirvalds í þriðja landi sem fyllti skjalið út eða heimilaði framleiðanda að fylla það út.
3. Allir einstaklingar eða stofnanir sem fylla út fylgiskjöl vegna flutnings á vínafurðum og einstaklingar sem hafa haft yfir slíkum afurðum að ráða skulu geyma afrit af skjölunum.
6. gr.
1. Fylgiskjal telst rétt útfyllt ef í því koma fram þær upplýsingar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar. Ef skjal sem samræmist reglugerð (EBE) nr. 2719/92 eða reglugerð (EBE) nr. 3649/92 er notað skulu auk þess koma fram allar þær upplýsingar sem mælt er fyrir um

(¹) Stjtið. EB L 128, bls. 1.

í 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar. Opinbert fylgiskjal, eða einfaldað fylgiskjal eða viðskiptaskjal í þeirra stað vegna flutnings á styrktu víni til eimingarstöðvar til eimingar verður auk þess að fullnægja kröfum a-liðar 2. mgr. 68. gr og e-liðar 2. mgr. 70. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1623/2000 frá 25. júlí 2000 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins með tilliti til markaðs- aðferða ⁽¹⁾.

2. Einungis er heimilt að nota fylgiskjalið vegna eins flutnings.

Heimilt er að fylla út eitt fylgiskjal ef fluttar eru frá einum og sama sendanda til sama viðtakanda í einni sendingu:

— tvær eða fleiri framleiðslulotur í sama vöruflokki eða

— tvær eða fleiri framleiðslulotur í mismunandi vöruflokkum, að því tilskildu að þær séu í merktum ílátum með nafnrúmmál að hámarki 60 lítrar og með viðurkenndum einnota lokunarbúnaði er gerir kleift að bera kennsl á átappara.

3. Í fylgiskjöllum með sendingu af vínaforðum verður að koma fram hvaða dag flutningur hefst.

Í því tilviki sem vísað er til í 1. mgr. 5. gr., eða ef fylgiskjal með sendingu er fyllt út af þar til bæru yfirvaldi, gildir skjalið aðeins ef flutningurinn hefst eigi síðar en á fimmta virkum degi eftir fullgildingardag þess eða daginn sem það var fyllt út, eftir því sem við á.

4. Ef afurðir eru fluttar í aðskildu rými í sama flutningsílati eða er blandað saman í flutningi verður að fylla út skjal fyrir hvorn hlutann um sig hvort sem þær eru aðskildar eða samanblandaðar. Skjölín skulu, í samræmi við reglur hvers aðildarríkis, sýna til hvers á að nota blönduðu afurðina.

Þó geta aðildarríkin heimilað sendendum eða umboðsaðilum að fylla út eitt fylgiskjal fyrir alla blönduðu afurðina. Í því tilviki skal þar til bært yfirvald gefa leiðbeiningar um hvernig sanna á flokka, uppruna og magn hinna ýmsu farma.

5. Ef upp kemst að sending, sem skjal á að fylgja, er flutt án slíks skjals eða henni fylgir skjal með röngum eða ófullnægjandi upplýsingum skal þar til bært yfirvald í aðildarríkinu þar sem þetta kemst upp eða önnur stofnun, sem

ber ábyrgð á að ákvæðum Bandalagsins eða landsbundnum ákvæðum um vín sé fylgt, gera nauðsynlegar ráðstafanir:

— til að samræma slíkan flutning settum reglum, annað hvort með því að leiðrétta efnislegar villur eða með því fylla út nýtt skjal,

— ef við á, beita viðurlögum vegna frávíka frá reglum eftir því hversu alvarlegt málið er, einkum með því að beita ákvæðum sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

Þar til bært yfirvald eða önnur stofnun, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal stimpla skjöl sem búið er að leiðrétta eða fylla út í samræmi við það ákvæði. Úrbætur vegna frávíka frá reglum mega ekki seinka umræddum flutningi lengur en bráð nauðsyn krefur.

Ef upp koma alvarleg eða endurtekin frávik frá reglum skal þar til bært svæðis- eða staðaryfirvald á affermingarstaðnum upplýsa þar til bært svæðis- eða staðaryfirvald á fermingarstaðnum um það. Ef um er að ræða flutning innan Bandalagsins skal senda slíkar upplýsingar áfram í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2729/2000 frá 14. desember 2000 um ítarlegar framkvæmdareglur um eftirlit í vingeiranum ⁽²⁾.

6. Ef ómögulegt reynist að samræma flutninginn settum reglum í skilningi fyrstu undirgreinar 5. mgr. skal þar til bært yfirvald eða stofnunin sem uppgötvaði frávikid stöðva flutninginn. Þau skulu tilkynna sendanda að flutningurinn hafi verið stöðvaður og um afleiðingar þess. Í þessum ráðstöfunum getur falist bann við að markaðssetja afurðina.

7. Ef viðtakandi hafnar hluta af afurðinni sem er flutt eða henni allri skal hann rita orðin „HAFNAÐ af viðtakanda“ aftan á skjalið, ásamt dagsetningu og undirskrift svo og, ef við á, upplýsingum um það magn sem hann hafnar, í lítrum eða kílógrömmum.

Í slíku tilviki er heimilt að endursenda afurðina til sendanda með sama fylgiskjali eða geyma hana á athafnasvæði flutningsaðila þar til búið er að fylla út nýtt fylgiskjal með afurðinni til að senda með henni til baka.

7. gr.

1. Fylgiskjal telst vottun á upprunaheiti gæðavíns f.t.h. eða uppruna borðvína sem mega bera landfræðilegar merkingar ef það er rétt útfyllt:

— af sendendum sem eru sjálfir framleiðendur vínsins sem á að flytja og hvorki kaupa né selja vínaforðir fengnar úr þrúgum ræktuðum á öðrum vínræktarsvæðum en þeim sem þeir nota sem heiti á víni úr eigin framleiðslu,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 194, 31.7.2000, bls. 45.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 316, 15.12.2000, bls. 16.

- af sendendum sem falla ekki undir fyrsta undirlið og að því tilskildu að á fylgiskjalinu sé vottun þar til bær yfirvalds um að upplýsingarnar á því séu réttar á grundvelli upplýsinga á fylgiskjölum með fyrri sendingum á umræddum afurðum,
- samkvæmt 1. mgr. 5. gr., að því tilskildu að eftirfarandi kröfur hafi verið uppfylltar:
- a) i. fylgiskjal er fyllt út í samræmi við fyrirmynd að:
- opinberu fylgiskjali, sem er að finna í viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2719/92, eða
 - einfölduðu fylgiskjali, sem er að finna í viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3649/92, eða
 - fylgiskjali, sem er sýnt í III. viðauka hér að aftan; eða
- ii. vegna flutnings sem fer ekki um yferráðasvæði annars aðildarríkis er notað eitthvert það skjal sem um getur í b-lið 2. mgr. 3. gr.,
- b) eftirfarandi er ritað á réttum stað á fylgiskjalinu:
- vegna gæðavína f.t.h.: „Þetta skjal gildir sem vottun á uppruna gæðavína f.t.h. sem eru talin upp hér“,
 - vegna borðvína sem mega bera landfræðilegar merkingar: „Þetta skjal gildir sem vottun á uppruna borðvína sem eru talin upp hér“,
- c) upplýsingarnar, sem um getur í b-lið, eru fullgiltar með stimpli þar til bær yfirvalds, dagsetningu og undirskrift þess sem ber ábyrgðina, eftir því sem við á:
- á afrit 1 og 2 ef um er að ræða fyrirmynd sem um getur í fyrsta og öðrum undirlið i. liðar í a-lið, eða
 - á frumrit fylgiskjalsins og á afrit ef notuð er fyrirmyndin í III. viðauka eða annað skjal sem um getur í b-lið 2. mgr. 3. gr.,
- d) þar til bært yfirvald úthlutar tilvísunarnúmeri fylgiskjalsins,
- e) ef um er að ræða sendingar frá aðildarríki, sem er ekki framleiðsluríki, gildir fylgiskjal, sem sent er með afurðinni, sem vottun á upprunaheiti eða landfræðilegri merkingu ef á því kemur fram:
- tilvísunarnúmer,
 - hvenær skjalið var fyllt út,
 - nafn og pósthfang yfirvaldsins sem vísað er til á skjalinu sem fylgir við flutning afurðarinnar áður en hún er endursend og þar sem fram kemur vottun upprunaheitis eða landfræðilegar merkingar.
- Aðildarríkjunum er heimilt að gera vottun á upprunaheiti gæðavíns f.t.h. og uppruna borðvína sem eru framleidd á yferráðasvæði þeirra að skyldu.
2. Þar til bærum yfirvöldum aðildarríkis er heimilt að leyfa sendendum, sem uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 3. mgr., að fylla út sjálfir eða láta prenta fyrirfram vottun á upprunaheiti eða uppruna á fylgiskjalið, að því tilskildu að vottunin:
- a) sé fullgilt fyrirfram með stimpli þar til bær yfirvalds, undirskrift þess sem ber ábyrgðina og dagsetningu eða
- b) sé fullgilt af sjálfum sendendum með sérstökum stimpli sem þar til bært yfirvald hefur heimilað og er í samræmi við fyrirmynd sem sýnd er í IV. viðauka; heimilt er að prenta stimpilinn fyrirfram á eyðublöðin, að því tilskildu að þau séu prentuð í prentsmiðju sem samþykkt hefur verið í þessu skyni.
3. Heimildin, sem um getur í 2. mgr., skal aðeins veitt sendendum:
- sem senda reglulega gæðavín f.t.h. og/eða borðvín, sem mega bera landfræðilega merkingu, og
 - þegar búið er að staðfesta, samkvæmt beiðni, að inn- og útfærsluskrár séu haldnar í samræmi við II. bálk og að þannig sé unnt að sannreyna að upplýsingarnar í skjölunum séu réttar.
- Þar til bær yfirvöld geta neitað sendendum um heimild ef þeir leggja ekki fram þær tryggingar sem þau telja nauðsynlegar. Þau geta afturkallað heimild, einkum ef sendendur standast ekki lengur kröfurnar, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein, eða getur ekki lengur lagt fram þær tryggingar sem krafist er.
4. Sendendum sem veitt hefur verið heimildin, sem um getur í 2. mgr., skal bera skylda til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að varðveita sérstaka stimpilinn eða eyðublöð sem bera stimpil þar til bær yfirvalds eða sérstaka stimpilinn.

5. Í viðskiptum við þriðju lönd geta einungis fylgiskjöl, sem eru fyllt út vegna útflutnings frá framleiðsluríkinu í samræmi við 1. mgr. vottað:

— vegna gæðavína f.t.h., að upprunaheiti afurðar sé í samræmi við þau ákvæði Bandalagsins og landsbundin ákvæði sem eiga við,

— vegna borðvína sem fengið hafa sérmerkingu samkvæmt 2. og 3. mgr. 51. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999, að landfræðileg merking á afurð sé í samræmi við þau ákvæði Bandalagsins og landsbundin ákvæði sem við eiga.

Við útflutning frá aðildarríki sem er ekki framleiðsluríki skal fylgiskjalið sem fylgir farminum, útfyllt í samræmi við 1. mgr., teljast vottun á upprunaheiti eða landfræðilegri merkingu ef fram kemur á því:

— tilvísunarnúmer,

— hvenær skjalið var fyllt út og

— nafn og pósthfang yfirvaldsins, sem um getur í 1. mgr., og getið er á skjölunum sem fylgja við flutning afurðarinnar áður en hún var flutt út og þar sem vottað er upprunaheiti eða landfræðileg merking.

6. Fylgiskjal skal teljast vottun á upprunaheiti innflutts víns ef skjalið er fyllt út í samræmi við 2. mgr. 5. gr. með því að nota eina af þeim fyrirmyndum sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr.

8. gr.

1. Ef viðtakandi hefur staðfestu á yfirráðasvæði Bandalagsins gilda eftirfarandi reglur um notkun fylgiskjals:

a) ef varan, sem flutt er, er undanþegin vörugjaldi: liður 1.5 (almennar athugasemdir) í skýringum sem fylgja reglugerð (EBE) nr. 2719/92,

b) ef vara, sem flutt er innan Bandalagsins, er vörugjaldsskyld og hefur þegar verið sett á neytendamarkað í aðildarríkinu sem flutt er frá: (liður 1.5 (almennar athugasemdir), í skýringum sem fylgja reglugerð (EBE) nr. 3649/92),

c) í tilvikum sem falla ekki undir a- eða b-lið:

i. ef notað er fylgiskjal sem krafist er vegna flutnings sem um getur í a- og b-lið:

— afrit nr. 1: geymist hjá sendanda,

— afrit nr. 2: fylgir afurðinni frá fermingarstað til affermingarstaðar og er afhent viðtakanda eða fulltrúa hans,

ii. ef annað fylgiskjal er notað:

— frumritið af fylgiskjalinu skal fylgja afurðinni til fermingarstaðar og afhent viðtakanda eða fulltrúa hans,

— sendandi geymir afrit.

2. Ef viðtakandi hefur staðfestu utan tollsvæðis Bandalagsins skal leggja fram frumrit og afrit eða, eftir því sem við á, afrit nr. 1 og 2 af fylgiskjali með sendingunni til stuðnings útflutningsyfirlýsingu hjá þar til bætti tollskrifstofu útflutningsríkisins. Tollskrifstofan skal tryggja að á útflutningsyfirlýsingu komi fram upplýsingar um gerð, dagsetningu og númer skjalsins, sem lagt er fram, og að á frumriti og afriti fylgiskjalsins eða, eftir því sem við á, afriti nr. 1 og 2 komi fram gerð, dagsetning og númer útflutningsyfirlýsingarinnar.

Tollskrifstofan á útflutningsstað frá tollsvæði Bandalagsins skal rita eitt af eftirfarandi orðum á afritin tvö af síðarnefnda skjalinu og löggilda með stimpli:

„EXPORTÉ“, „UDFØRSEL“, „AUSGEFÜHRT“, „EXPORTED“, „ESPORTATO“, „UITGEVOERD“, „ΕΞΑΧΘΕΝ“, „EXPORTADO“, „EXPORTERAD“, „VIETY“,

og afhenda útflytjanda eða fulltrúa hans stimpluðu afritin með þessari áritun. Hann skal tryggja að eitt afrit fylgi útfluttu afurðinni við flutning.

3. Í tilvísununum sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. skal a.m.k. tilgreina gerð, dagsetningu og númer skjals og, að því er útflutningsyfirlýsingu varðar, nafn og pósthfang þar til bærð yfirvalds héraðsins eða staðarins sem ber ábyrgð á útflutningi.

4. Upplýsingablaðið, sem Tollasamvinnuráðið mælir fyrir um í ályktun sinni frá 3. desember 1963, skal fylgja vínafurðum, sem eru fluttar út til bráðabirgða til eins af aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) í samræmi við ráðstafanir sem gilda um aðvinnslu utan svæðis samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92⁽¹⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93⁽²⁾, til geymslu, þroskunar og/eða pökkunar. Í reitum á blaðinu, sem eru ætlaðir fyrir lýsingu afurðarinnar, skal henni lýst í samræmi við reglur Bandalagsins og landsbundnar reglur og tilgreint það magn víns sem flutt er.

(¹) Stjtið. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1

(²) Stjtið. EB L 253, 11.10.1993, bls. 1.

Þessar upplýsingar skulu teknar úr frumriti fylgiskjalsins sem fylgir víninu við flutning til tollskrifstofunnar þar sem upplýsingablaðið er gefið út. Á upplýsingablaðinu skal einnig tilgreina eðli, dagsetningu og númer framangreinds skjals er fylgdi sendingunni áður.

Ef upplýsingablað er útbúið á tilhlýðilegan hátt af til þess bætti EFTA-tollskrifstofu vegna afurðar, eins og um getur í fyrstu undirgrein, sem flytja á aftur inn á tollsvæði Bandalagsins, skal litið á það sem ígildi fylgiskjals vegna flutnings til tollskrifstofu annaðhvort á ákvörðunarstað í Bandalaginu eða þar sem afurðin er sett á neytendamarkað, að því tilskildu að í reitnum „vörulýsingu“ sé að finna þær upplýsingar sem tilgreindar eru í fyrstu undirgrein.

Hlutaðeigandi tollskrifstofa í Bandalaginu skal stimpla á afrit eða ljósrit af því skjali sem viðtakandi eða fulltrúi hans leggur fram og senda honum það aftur í samræmi við þessa reglugerð.

5. Vegna gæðavína f.t.h. og borðvína, sem mega bera landfræðilega merkingu og flutt eru út til þriðju landa með fylgiskjali í samræmi við þessa reglugerð, skal leggja fram umrætt skjal, er jafngildir vottun á uppruna varanna, til stuðnings öðrum skjölum, sem fullnægja kröfum þar til bærar yfirvalds, þegar þessi vín eru sett í fjálsa dreifingu í Bandalaginu en uppfylla hvorki skilyrði 2. mgr. né flokkast undir endursendar vörur í skilningi reglugerðar (EBE) nr. 2913/92 og framkvæmdarákvæða hennar. Teljist fylgiskjölun fullnægjandi skal hlutaðeigandi tollskrifstofa árita afrit eða ljósrit af upprunavottorði sem viðtakandi eða fulltrúi hans hefur lagt fram og endursenda honum það í samræmi við þessa reglugerð.

9. gr.

Ef nauðsynlegt reynist meðan á flutningi stendur, af óviðráðanlegum orsökum eða vegna ófyrirséðs óhapps, að skipta farmi, sem skal hafa fylgiskjal, eða farmurinn glatast, allur eða að hluta, skal flytjandi fara fram á það við þar til bætt yfirvald, þar sem atvikið átti sér stað, að það gefi út yfirlýsingu þar um.

Flytjandi skal einnig, ef unnt reynist, tilkynna þar til bæru yfirvaldi, sem er næst þeim stað þar sem atvikið átti sér stað, um að hann geri nauðsynlegar ráðstafanir til að samræma flutninginn, sem um ræðir, settum reglum. Slikar ráðstafanir mega ekki tefja viðkomandi flutning lengur en nauðsyn krefur til að koma megi á samræmi við settar reglur.

10. gr.

Þegar flutt er meira magn en 60 lítrar af einni vínaafurðanna, sem taldar eru upp hér á eftir, ópakkað, skal krafist tilskilins skjals vegna sendingarinnar og afrits af því, sem fengið skal

með sjálfafrítunarpappír, kalkipappír eða annarri afritunaraðferð sem þar til bætt yfirvald viðurkennir:

a) afurðir upprunnar í Bandalaginu:

- vín sem hentar til framleiðslu borðvins,
- vín sem gæðavín f.t.h. eru unnin úr,
- þrúgumust í gerjun,
- þrúgumustsþykkni, einnig hreinsað,
- ferskt þrúgumust þar sem gerjun er stöðvuð með viðbót alkóhóls,
- þrúgusafi,
- þrúgusafþykkni,
- vínber ætluð til að vinna úr afurðir, aðrar en þær sem um getur í 5. mgr. 42. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999,

b) afurðir ekki upprunnar í Bandalaginu:

- ferskar þrúgur, þó ekki vínber til neyslu,
- þrúgumust,
- þrúgumustsþykkni,
- þrúgumust í gerjun,
- þrúgumustþykkni, einnig hreinsað,
- ferskt þrúgumust þar sem gerjun er stöðvuð með viðbót alkóhóls,
- þrúgusafi,
- þrúgusafþykkni,
- líkjörvín sem er notað við framleiðslu afurða sem falla ekki undir SAT-númer 2204.

Hið sama gildir um eftirtaldar afurðir, óháð uppruna þeirra og því magni sem er flutt, með fyrirvara um undanþágur sem um getur í 4. gr.:

- vindreggjar,
- þrúguhvat sem er ætlað til eimingar eða annarrar vinnslu,
- piquette-vín,
- vín styrkt til eimingar,
- vín úr þrúgum af yrkjum sem eru ekki skráð sem vínviðaryrki í flokkuninni sem gerð var af aðildarríkjunum skv. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 fyrir þá stjórnsýslueiningu sem þær eru ræktaðar á,

— afurðir sem ekki má bjóða eða afhenda til beinnar neyslu.

Sendandi skal senda afritið, sem um getur í fyrstu undirgrein, til þar til bærs yfirvalds á fermingarstað með fljótlegasta hætti sem völ er á, eigi síðar en fyrsta virkan dag eftir að vörurnar fóru af fermingarstað. Þar til bæra yfirvaldið skal senda afritið til þar til bærs yfirvalds á affermingarstað með fljótlegasta hætti sem völ er á, eigi síðar en fyrsta virkan dag eftir að það barst eða var gefið út, ef yfirvaldið sjálf fyllir það út.

II. BÁLKUR

Skrár

11. gr.

1. Einstaklingar eða löggjafar eða hópur slíkra aðila, sem ráða yfir vínaforðum í hvers konar viðskiptalegum tilgangi, skulu halda innfærslu- og útfærsluskrár fyrir þessar afurðir sem nefnast hér á eftir „skrár“.

Þó:

a) þurfa eftirtaldir aðilar ekki að halda slíkar skrár:

— smásalar,

— þeir sem selja drykki til beinnar neyslu á staðnum,

b) er þess ekki krafist að haldnar séu skrár um vinedik.

2. Aðildarríkjum er heimilt að kveða á um að:

a) seljendur, sem ráða ekki yfir birgðum, skuli halda skrár í samræmi við reglur og hætti sem þau tilgreina,

b) einstaklingar og löggjafar eða hópar slíkra aðila, sem ráða yfir birgðum af vínaforðum eða selja þær einungis í litlum ílátum og fullnægja kröfum um kynningu, sem um getur í a-lið 2. mgr. 4. gr., þurfi ekki að halda skrár að því tilskildu að unnt sé að hafa eftirlit með móttöku og úttekt afurða og birgðum hvenær sem er á grundvelli annarra fylgiskjala, einkum viðskiptaskjala sem eru notuð við bókhald.

3. Aðilar, sem er skylt að halda skrár, skulu skrá móttöku og úttekt á hverri framleiðslulotu afurða, eins og um getur í 1. mgr., til og frá athafnasvæði sínu svo og hvaða aðgerðir, sem eru tilgreindar í 1. mgr. 14. gr., hafa verið gerðar á afurðunum.

Þeir skulu einnig geta lagt fram, vegna hversrar færslu í skrárnar um móttöku og úttekt afurða, fylgiskjal með viðkomandi sendingu eða annað skjal til stuðnings, til dæmis viðskiptaskjal.

12. gr.

1. Skrárnar skulu:

— annaðhvort vera með föstum síðufjölda í hlaupandi númeraröð,

— eða færðar í viðeigandi nútímabókhaldskerfi, sem þar til bær yfirvöld viðurkenna, að því tilskildu að þær upplýsingar, sem færa skal í skrárnar, komi þar fram.

Aðildarríkjum er þó heimilt að kveða á um að:

a) skrár sem seljendur halda, sem hvorki annast neinar þær aðgerðir sem eru tilgreindar í 1. mgr. 14. gr. né stunda neina vinnfræðilega vinnslu, geti samanstaðið af öllum þeim fylgiskjölum er fylgdu við flutning vínaforðanna,

b) skrár sem framleiðendur halda geta samanstaðið af skýringum á bakhlíð yfirlýsinga um uppskeru, framleiðslu eða birgðir sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1294/96 frá 4. júlí 1996⁽¹⁾.

2. Halda skal sérstakar skrár fyrir hvert fyrirtæki á því athafnasvæði sem afurðirnar eru geymdar á.

Þó geta þar til bær yfirvöld veitt heimild, að gefnum viðeigandi leiðbeiningum, ef við á:

a) til að skrárnar séu haldnar í skráðri starfsstöð fyrirtækisins ef afurðirnar eru geymdar á ýmsum stöðum er tilheyra sama fyrirtækinu innan sömu staðbundinnar stjórnsýslueiningar eða í slíki einingu í næsta nágrenni,

b) til að sérhæft fyrirtæki á þessu sviði haldi skrárnar,

með því skilyrði að unnt sé að hafa eftirlit með móttöku og úttekt afurða og birgðum á raunverulegum birgðastað afurðanna á grundvelli annarra fylgiskjala.

Ef smásalar, sem selja beint til neytenda, eru hluti af einu og sama fyrirtækinu og fá vörur sínar frá einu eða fleiri aðalvöruhúsum fyrirtækisins ber vöruhúsunum, með fyrirvara um b-lið 2. mgr. 11. gr., að halda skrár; afgreiðsla til smásalanna skal færð sem úttekt í slíkar skrár.

3. Í skrárnar skal færa sérreikninga vegna:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 166, 5.7.1996, bls. 14.

- afurða í þeim flokkum sem eru tilgreindir annaðhvort í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 eða í 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2001,
- gæðavíns f.t.h. og afurða, sem gæðavín f.t.h. eru unnin úr, úr þrúgum sem eru ræktaðar í sama tilgreinda héraðinu,
- borðvíns sem ber landfræðilega merkingu og afurða sem slík borðvín, gerð úr þrúgum sem eru ræktaðar í sama vínræktarhéraðinu, eru unnin úr.

Færa má á sama reikning gæðavín f.t.h. af ólíkum uppruna sem eru sett í ílát sem taka ekki meira en 60 lítra og merkt í samræmi við ákvæði Bandalagsins, eru fengin frá þriðju aðilum og geymd með sölu í huga, að því tilskildu að þar til bært yfirvald eða umboðsaðili eða aðili, sem yfirvaldið hefur veitt umboð, hafi samþykkt það og móttaka og úttektir á hverju gæðavíni f.t.h. séu færðar sérstaklega; þetta á einnig við um borðvín sem bera landfræðilegar merkingar.

Ef gæðavín f.t.h. hefur verið fært niður um flokk skal þess sérstaklega getið í skránum.

4. Aðildarríkin skulu ákveða viðunandi hámarkshlutfall sem tapast má vegna uppgufunar við geymslu, vegna aðgerða við vinnslu eða annars sem veldur því að breyting verður á flokkun afurðarinnar. Ef raunverulegt tap er yfir:

- þeim mörkum sem um getur í lið 1.2., B-þætti II. viðauka við flutning og
- því hámarki sem aðildarríkin ákveða, í þeim tilvikum sem um getur í fyrstu undirgrein,

skal sá sem heldur skrárnar gefa þar til bæru yfirvaldi á viðkomandi yfirráðasvæði skriflega skýrslu um það innan þeirra tímamarka sem aðildarríkin mæla fyrir um og skal það gera nauðsynlegar ráðstafanir.

Aðildarríkin skulu tilgreina með hvaða hætti skal færa inn í skrárnar upplýsingar varðandi:

- einkaneyslu framleiðanda eða fjölskyldu hans,
- breytingar á rúmmáli afurðarinnar, sem verða vegna óhapps.

13. gr.

1. Í skránum skulu koma fram eftirtaldar upplýsingar vegna móttöku eða úttektar afurða:

- eftirlitsnúmer afurðarinnar, ef slíks númers er krafist í ákvæðum Bandalagsins eða landsbundnum ákvæðum,

- dagsetning,
- raunverulegt magn sem var tekið við eða tekið út,
- lýsing á viðkomandi afurð í samræmi við viðeigandi ákvæði Bandalagsins og landsbundin ákvæði,
- tilvísun í skjalið sem fylgir eða hefur fylgt umræddri sendingu.

Í þeim tilvikum sem um getur í 5. mgr. 7. gr. skal setja í úttektarlið færsluskrárinnar tilvísun til þess skjals sem fylgdi afurðinni við fyrri flutning.

2. Einu sinni á ári skal loka komu- og úttektarliðum skráanna og skulu aðildarríkin ákveða daginn. Gera skal skrá yfir birgðir í ársuppgjöri. Fyrirliggjandi birgðir skal færa sem móttöku í skrárnar eftir ársuppgjörið. Ef fram kemur misræmi í ársuppgjöri milli reiknaðra birgða og raunverulegra birgða skal gera athugasemd um það í lokuðu skránum.

14. gr.

1. Í skránum skal geta eftirtalinnar aðgerða:

- aukningar á alkóhólstyrkleika,
- sýringar,
- afsýringar,
- sætunar,
- blöndunar,
- átöppunar,
- eimingar,
- framleiðslu freyðivíns, loftblandaðs freyðivíns, hálf-freyðandi víns og loftblandaðs hálf-freyðandi víns,
- framleiðslu líkjörvíns,
- framleiðslu þrúgumustþykkis, einnig hreinsaðs,
- meðferðar með vínfræðilegu kolefni,
- meðferðar með kalíumferrósíaníði,
- styrkingar víns fyrir eimingu,
- annarra vinnsluáðferða sem fela í sér viðbót á alkóhóli,

— vinnslu sem leiðir af sér afurð af öðrum flokkum, t.d. kryddvín.

— meðferðar með rafskiljun.

Ef fyrirtæki fær heimild til að halda einfaldaðar skrár, eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 12. gr., má þar til bært yfirvald samþykka afrit af tilkynningunum, sem kveðið er á um í 5. lið G-þáttar V. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 og gerðar eru í samræmi við 22.–29. gr. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1622/2000 frá 24. júlí 2000 þar sem mælt er fyrir um tiltekna, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluáferðir og vinnslu⁽¹⁾, sem jafngildi færslna á móttökuhlíð skrána varðandi aðgerðir til að auka alkóhólstyrkleika, sýringu og afsýringu.

2. Varðandi aðgerðir sem eru tilgreindar í 1. mgr. skal í öðrum skrár en þeim sem um getur í 3. mgr. geta:

— þeirrar aðgerðar sem viðhöfð var og dagsetningar hennar,

— eðlis og magns þeirra afurða sem voru notaðar,

— magns afurðar sem fæst með aðgerðinni,

— magns afurðar sem er notuð til að auka alkóhólstyrkleika, sýringar og afsýringar, sætunar og styrkingar fyrir eimingu,

— lýsingar á afurðunum fyrir og eftir aðgerð í samræmi við viðeigandi reglur Bandalagsins eða landsbundnar reglur,

— merkinga á ílátum sem afurðirnar, sem færðar voru inn á skrárnar, voru geymdar í fyrir og eru geymdar í eftir aðgerðina,

— varðandi átöppun, fjölda flaskna sem tappað var á og innihald,

— varðandi átöppun samkvæmt samningi, nafn og pósthfang áttappara.

Ef afurð skiptir um flokk án þess að hún hafi gengist undir aðgerð sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., einkum ef þrúgumust gerjast, skal færa í skrárnar magn og tegund afurðar sem varð til upp úr breytingunni.

Ef vín er styrkt fyrir eimingu skal einnig færa í skrárnar þær upplýsingar sem eru tilgreindar í a-lið 2. mgr. 68. gr. og e-lið 2. mgr. 70. gr. reglugerðar (EB) nr. 1623/2000.

3. Að því er varðar framleiðslu freyðivíns skal í skránum koma fram fyrir hverja vínlögun (cuvée):

— hvenær lögunin var gerð,

— hvenær átöppun gæðavína og gæðavína f.t.h. átti sér stað,

— magn vínlögunarinnar (cuvée) og lýsing, magn og raunverulegur og mögulegur alkóhólstyrkleiki efnisþátta þess,

— hvaða aðgerðir, sem skráðar eru í 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1622/2000, voru gerðar,

— hversu mikið var notað af líkjör sem kemur gerjun af stað (liqueur de tirage),

— hversu mikið var notað af líkjör til að koma sætun af stað (liqueur de expedition),

— fjöldi flaskna sem fékkst, og skal tilgreina þar sem við á tegund freyðivíns og skal í heitinu vísa til magns sykurléifa ef það kemur fram á merkimiða.

4. Hvað varðar framleiðslu líkjörvíns skal í skránum koma fram vegna hverrar framleiðslulotu:

— hvenær afurðum, sem skráðar eru í b-lið 14. liðar B-þáttar I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1493/1999, var bætt við,

— eðli og magn þeirrar afurðar sem bætt var við.

15. gr.

1. Þeir sem halda skrárnar skulu halda sérstakar skrár eða sérreikninga yfir móttöku og úttektir á eftirtöldum afurðum og efnum sem þeir ráða yfir, hver sem notkunin er, þ.m.t. notkun á athafnasvæðum þeirra:

— súkrósi,

— þrúgumustsþykkni,

— hreinsað þrúgumustsþykkni,

— afurðir til sýringar,

— afurðir til afsýringar,

— brennivín sem fæst við eimingu víns.

Það að haldnar eru sérstakar skrár eða sérreikningar veitir ekki undanþágu frá tilkynningunum sem um getur í 5. lið G-þáttar V. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1493/1999.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 194, 31.7.2000, bls. 1.

2. Sérstöku skrárnar eða sérreikningarnir, sem um getur í 1. mgr., skulu sýna sérstaklega fyrir hverja afurð:

a) hvað varðar móttöku:

— nafn eða viðskiptaheiti og pósthfang birgis, þar sem vísað er til skjalsins sem fylgdi við flutning á afurðinni, eftir því sem við á,

— það magn sem um ræðir,

— hvenær varan kom,

b) hvað varðar úttektir:

— það magn sem um ræðir,

— notkunardagur eða úttektardagur,

— nafn eða viðskiptaheiti og pósthfang viðtakanda eftir því sem við á.

16. gr.

1. Færslur í sérstöku skrárnar eða sérreikningana:

— eins og um getur í 11., 12. og 13. gr. skulu gerðar, ef um er að ræða móttökufærslur, eigi síðar en á fyrsta virka degi eftir móttöku og, ef um er að ræða úttektarfærslur, eigi síðar en á þriðja degi eftir sendingu,

— eins og um getur í 14. gr. skulu gerðar eigi síðar en á fyrsta virka degi eftir aðgerð og, ef um er að ræða auðgun, á sama degi,

— eins og um getur í 15. gr. skulu gerðar, ef um er að ræða móttöku- og úttektarfærslur, eigi síðar en á fyrsta virka degi eftir móttöku eða sendingu og, ef um eigin notkun er að ræða, á notkunardegi.

Þó mega aðildarríkin heimila rýmri tímamörk, að hámarki 30 daga, einkum ef skrár eru unnar í tölvum, að því tilskildu að samt sé unnt að hafa eftirlit með móttöku, úttektum og aðgerðum, sem um getur í 14. gr., hvenær sem er á grundvelli fylgiskjala og að þar til bært yfirvald eða umboðsaðili eða aðili, sem yfirvaldið hefur veitt umboð, telji skjölin áreiðanleg.

2. Þrátt fyrir fyrstu undirgrein 1. mgr. og með fyrirvara um önnur ákvæði sem aðildarríkin hafa samþykkt í samræmi við 17. gr. má færa sendingar sömu afurðar á úttektarhlíð í einni mánaðarlegri færslu ef afurðin er einungis sett á ílát sem um getur í a-lið 2. mgr. 4. gr.

17. gr.

1. Aðildarríkin geta heimilað breytingu á þeim skráum sem fyrir liggja og mælt fyrir um viðbótarreglur eða strangari kröfur um skráahald og eftirlit með skráum. Einkum geta þau krafist

þess að haldnir séu sérreikningar vegna tilgreindra afurða eða sérstakar skrár um tiltekna afurðaflokka eða aðgerðir sem um getur í 1. mgr. 14. gr.

2. Þegar 2. mgr. 5. gr. er beitt getur aðildarríki mælt fyrir um að þar til bært yfirvald eða umboðsaðili eða aðili sem umboðsaðilinn hefur veitt umboð til þess skuli halda skrárnar.

III. BÁLKUR

Almenn ákvæði og bráðabirgðaákvæði

18. gr.

1. Aðildarríkjunum er heimilt að:

a) kveða á um að halda skuli skrár yfir birgðir af lokunarbúnaði sem er notaður fyrir ílát afurða þar sem nafnrúmmál er að hámarki fimm lítrar, eins og um getur í a-lið 2. mgr. 4. gr., og sem setja skal á markað á yfirráðasvæðum þeirra, sem og um það hvernig færa skuli sérstakar upplýsingar í þær,

b) fara fram á viðbótarupplýsingar um fylgiskjöl með sendingum af vínafurðum framleiddum á yfirráðasvæðum þeirra ef þessar upplýsingar teljast nauðsynlegar vegna eftirlits,

c) mæla fyrir um, þar sem þess er krafist vegna notkunar á tölvuvæddu birgðaskrárkerfi, hvar rita skuli tilteknar skyldubundnar upplýsingar á fylgiskjöl með sendingum vínafurða ef flutningurinn hefst á yfirráðasvæði þeirra, að því tilskildu að uppsetningu fyrirmyndanna, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 7. gr., sé ekki breytt,

d) leyfa að í stað upplýsinga um eðlismassa þrúgumustsins komi upplýsingar um eðlismassann í Oechsle-gráðum ef flutningurinn hefst og honum lýkur á yfirráðasvæði þeirra án þess að farið sé um yfirráðasvæði annars aðildarríkis eða þriðja lands, á aðlögunartíma sem lýkur 31. júlí 2002,

e) mæla fyrir um að á fylgiskjöllum vegna flutnings sem lýkur á yfirráðasvæði þeirra komi ekki aðeins fram upplýsingar um dagsetningu heldur einnig klukkan hvað flutningurinn hófst,

f) mæla fyrir um, til viðbótar við 1. mgr. 4. gr., að ekki sé krafist skjals þegar þrúgur, einnig pressaðar, eða þrúgumust er flutt af framleiðendum, er tilheyra hópi framleiðenda og hafa framleitt þrúgurnar eða þrúgumustið sjálfir, eða af hópi framleiðenda sem ráða yfir umræddri afurð eða er flutt

fyrir slíka framleiðendur eða hópa framleiðenda á safnstöðvar eða víngerðir hópsins, að því tilskildu að flutningurinn hefjist og honum ljúki innan sama vinnræktarsvæðis og, ef umbreyta á afurðinni í gæðavin f.t.h., innan sama viðkomandi tilgreinda héraðs, þ.m.t. á aðliggjandi svæði.

g) mæla fyrir um:

- að sendandi skuli ganga frá einu eða fleiri afritum af fylgiskjölum vegna flutnings sem hefst á yfirráðasvæði þeirra,
- að viðtakandi skuli ganga frá einu eða fleiri afritum af fylgiskjölum vegna flutnings sem hófst í öðru aðildarríki eða í þriðja landi og lýkur á yfirráðasvæði þeirra. Í þeim tilvikum skulu þau ákveða hvernig þessi afrit skuli notuð,

h) mæla fyrir um að undanþágan, sem um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr., um að ekki þurfi að nota fylgiskjal með tilteknum sendingum af þrúgum, geti ekki átt við flutning sem hefst eða lýkur á yfirráðasvæði þeirra,

i) mæla fyrir um að ef um er að ræða flutning, sem um getur í 10. gr. og hefst á yfirráðasvæði þeirra en lýkur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, skuli sendandi senda nafn og póstfang þar til bær yfirvalds á affermingarstað með afritunum sem gengið var frá samkvæmt þeirri grein.

2. Með fyrirvara um 21. gr. tilskipunar 92/12/EBE er aðildarríkjunum ekki heimilt með því að vísa til lokunarbúnaðarins sem er notaður að banna eða hindra flutning á afurðum, sem eru settar í ílát með nafnrúmmál allt að fimm lítra, eins og um getur í a-lið 2. mgr. 4. gr., ef lokunarbúnaðurinn eða pakkningin sem er notuð kemur fram í skránni í I. viðauka.

Þó er aðildarríkjunum heimilt að banna notkun á tilteknum lokunarbúnaði eða pakkningum sem koma fram í skránni í I. viðauka eða setja sérstök skilyrði um notkun slíks lokunarbúnaðar þegar um er að ræða afurðir sem er tappað á á yfirráðasvæðum þeirra.

19. gr.

1. Með fyrirvara um strangari ákvæði, sem aðildarríkin kunna að hafa sett um beitingu löggjafar sinnar, eða landsbundna málsmeðferð, sem mælt er fyrir um í öðrum tilgangi, skal geyma fylgiskjöl og afrit, sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð, í að minnsta kosti fimm ár frá lokum þess almanaksárs þegar þau voru útfyllt.

2. Skrár og skjöl um aðgerðir, sem færðar eru í þær, skal geyma í a.m.k. fimm ár eftir að reikningunum, sem þau vísa til, hefur verið lokað. Ef einum eða fleiri reikningum í skrá, fyrir

litlu magni af víni, hefur ekki verið lokað má flytja þá yfir í aðra skrá og skal þá vísa til flutningsins í upphaflegu skránni. Í því tilviki skal fimm ára tímabilið sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein hefjast á þeim degi sem reikningurinn er færður á milli skráa.

20. gr.

1. Hvert aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um:

- nafn og póstfang yfirvalds eða yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd þessarar reglugerðar,
- ef við á, nafn og póstfang aðila sem hafa umboð þar til bær yfirvalds hvað framkvæmd þessarar reglugerðar varðar.

2. Hvert aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um:

- síðari breytingar varðandi þar til bær yfirvöld og aðila sem um getur í 1. mgr.,

- þær ráðstafanir sem það hefur gert varðandi framkvæmd þessarar reglugerðar ef þær hafa sérstakt gildi að því er varðar samvinnu milli aðildarríkjanna eins og um getur í reglugerð (EB) nr. 2729/2000.

21. gr.

1. Reglugerð (EBE) nr. 2238/93 er hér með felld úr gildi.

2. Líta ber á tilvísanir í reglugerðina, sem er felld úr gildi með 1. mgr., sem tilvísanir í þessa reglugerð.

3. Þó skal ítalska útgáfa 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2238/93 gilda áfram á Ítalíu til 30. september 2001.

22. gr.

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar öðlast gildi á Ítalíu 1. október 2001.

23. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. maí 2001.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. apríl 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Skrá yfir lokunarbúnað sem Bandalagið viðurkennir fyrir smærri ílát með vínafurðum sem um getur í h-lið 2. gr.

1. Sívalir tappar úr korki eða öðru hvarftregu efni, með eða án tæknilegs umbúnaðar, einkum í formi loks eða skifu. Þessi tæknilegi umbúnaður skal gerður ónothæfur við opnun og má vera úr:
 - áli,
 - málmblöndu,
 - krumpuplasti,
 - pólývínýlklóríði með áltoppi,
 - vaxi sem hæfir til matvælavinnslu, hvort sem það er þakið öðrum hvarftregum efnum eða ekki.
2. Tappar úr korki eða öðru hvarftregu efni með brún, sem gengur alveg niður í háls flöskunnar, með málm- eða plasthettu sem nær bæði yfir háls og tappa og eyðileggst þegar flaskan er opnuð.
3. Svepplaga tappar úr korki eða öðru hvarftregu efni, festir með festingum sem eru rofnar þegar flaskan er opnuð, stundum er þetta allt með málm- eða plastþynnu.
4. Skrúfaðir tappar úr áli eða blikki með skifu úr korki eða hvarftregu efni að innan og öryggisinnsgli sem er rífið af eða eyðilagt þegar flaskan er opnuð (Pilfer-proof innsgli).
5. Skrúfaðir plasttappar.
6. Lok sem eru rífin af, gerð úr:
 - áli,
 - plasti,
 - blöndu úr framangreindu.
7. Ásmelltir málm-tappar með skifu úr korki eða öðru hvarftregu efni að innan.
8. Einnota lokunarbúnaður sem er hluti af umbúðunum, eins og á:
 - blikkdósum,
 - áldósum,
 - pappaílátum,
 - plastílátum,
 - ílátum úr blöndu af framangreindum efnum,
 - pokum úr mjúku plasti,
 - pokum úr blöndu af áli og mjúku plasti,
 - fjórflötungum úr álpappír.

II. VIÐAUKI

Viðbótarleiðbeiningar vegna gerðar fylgiskjala

A. Almennar reglur

1. Æskilegt er að vérlita skjalið. Ef það er handskrifað skal það vera læsilegt og óafmáanlegt.
2. Ekki má leiðrétta eða strika yfir orð á skjalinu. Óheimilt er að nota fylgiskjalið ef gerðar eru villur við útfyllingu þess.
3. Afritin skulu annaðhvort vera fullgild ljósrit eða afrit fengin með sjálfafrítunarpappír eða kalkipappír. Afrit af fylgiskjali, sem krafist er, skal merkt „afrit“ eða með svipaðri athugasemd.
4. Ef skjal, sem er fyllt út í samræmi við fyrirmynd í viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2719/92 (opinbert- eða viðskiptaskjal) eða fyrirmynd í viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3649/92 (einfaldað fylgiskjal eða viðskiptaskjal), er notað með farni af vínafurð sem fellur ekki undir kröfur um flutning vínafurða, sem mælt er fyrir um í tilskípun 92/12/EBE og um getur í b-lið 2. mgr. 3. gr., skal draga línu á ská yfir þá reiti sem eiga ekki við.

B. Sérstakar reglur

1. Upplýsingar um vörulýsingu:

1.1. Flokkur afurðar

Tilgreinið þann flokk afurða sem afurðin fellur undir með orðalagi er samræmist reglum Bandalagsins og gefur nákvæmasta lýsingu á henni, t.d.:

- borðvín,
- gæðavín f.t.h.,
- þrúgumust,
- þrúgumust fyrir gæðavín f.t.h.,
- innflutt vín.

1.2. Raunverulegur og heildaralkóhólstyrkleiki, eðlismassi.

Begar fylgiskjal er fyllt út:

- a) skal gefa upp raunverulegan alkóhólstyrkleika vínsins, þó ekki nýs víns í gerjun, eða heildaralkóhólstyrkleika nýs víns í gerjun og þrúgumusts, sem er gerjað að hluta til, í % miðað við rúmmál og tugum % miðað við rúmmál,
- b) brotstuðull þrúgumusts skal fenginn með mæliaðferðum sem Bandalagið viðurkennir. Hann skal gefinn upp í mögulegum alkóhólstyrkleika í % miðað við rúmmál. Í stað þessa má gefa upp eðlismassa í grömmum á cm^3 ,
- c) eðlismassi fersks þrúgumusts, þar sem gerjun hefur verið stöðvuð með alkóhóli, skal gefinn upp í grömmum á cm^3 og raunverulegur alkóhólstyrkleiki afurðarinnar í % miðað við rúmmál og tugum % miðað við rúmmál,
- d) heildarsykurmagn í þrúgumustsþykki, hreinsuðu þrúgumustsþykki og þrúgusafþykki skal gefið upp í grömmum á lítra og kílógramm,
- e) raunverulegan alkóhólstyrkleiki þrúguhrats og vándreggja má gefa upp (valfrjálst) í lítrum hreins alkóhóls á 100 kg.

Þessar upplýsingar skulu gefnar með því að nota jafngildistöflur sem Bandalagið viðurkennir og er að finna í reglum um greiningaraðferðir.

Með fyrirvara um ákvæði Bandalagsins, þar sem mælt er fyrir um mörk vegna tiltekinna vínafurða, skulu eftirtalin vikmörk heimiluð:

- að því er varðar heildar- eða raunverulegan alkóhólstyrkleika mega vikmörk vera $\pm 0,2\%$ miðað við rúmmál,
- að því er varðar eðlismassa mega vikmörk vera $\pm 0,0006$,
- að því er varðar sykurinnihald, $\pm 3\%$.

2. Upplýsingar um nettómagn:

Nettómagn:

- þrúgna, þrúgumustsþykkni, hreinsaðs þrúgumustsþykkni, hreinsaðs þrúgusafa, þrúguhrats og vindreggja í tonnum eða kílógrömmum skal tilgreint með táknum „t“ eða „kg“,
- annarra afurða í hektólítrum eða lítrum skal tilgreint með táknum „hl“ eða „l“.

Heimiluð eru vikmörk sem nema 1,5% af heildarnettómagni þegar gefnar eru upplýsingar um magn afurðar í búlkum.

3. Aðrar upplýsingar varðandi flutning afurða í búlkum:

3.1. Vínrektarsvæði

Nota skal eftirfarandi skammstafanir fyrir vínrektarsvæði, sem flutta afurðin er upprunnin í, í samræmi við III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999: A, B, CI (a), CI (b), CII, CIII (a) og CIII (b).

3.2. Aðgerðir

Tilgreinið hvaða aðgerðir fluttu afurðirnar hafa gengist undir með eftirfarandi tölum í sviga:

- 0: varan hefur ekki gengist undir neina af neðangreindum aðgerðum,
- 1: afurðin hefur verið auðguð,
- 2: afurðin hefur verið sýrð,
- 3: afurðin hefur verið afsýrð,
- 4: afurðin hefur verið gerð sæt,
- 5: afurðin hefur verið styrkt fyrir eimingu,
- 6: við afurðina hefur verið bætt afurð sem er upprunnin á annarri landfræðilegri einingu en fram kemur í lýsingunni,
- 7: við afurðina hefur verið bætt afurð af öðru vínviðaryrki en fram kemur í lýsingunni,
- 8: við afurðina hefur verið bætt afurð sem var ræktuð á öðru ári en fram kemur í lýsingunni,
- 9: aðrar aðgerðir (tilgreinið).

Dæmi:

- vín upprunnið á svæði B hefur verið styrkt, tilgreinið með B (1),
- þrúgumust upprunnið á svæði CIII (b) hefur verið sýrt, tilgreinið með CIII (b) (2).

Upplýsingar um vínrektarsvæðið og aðgerðir sem vínið hefur gengist undir skulu vera til viðbótar upplýsingum um lýsingu afurðarinnar og innan sama sjónsviðs.

C. *Upplýsingar sem krafist er við útfyllingu fylgiskjals sem um getur í 3. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar (III. viðauki)*

Skýringar:

Fara skal nákvæmlega eftir fyrirmynd að fylgiskjali í III. viðauka. Þó eru málin á reitunum fyrir upplýsingarnar aðeins ætluð til viðmiðunar.

| | Númer reits í fyrirmynd í III. viðauka |
|--|--|
| Sendandi: fullt nafn og pósthfang, auk póstnúmers | 1 |
| Tilvísunarnúmer: tilvísunarnúmer sendingar í skráð sendanda (til dæmis númer á vörureikningi) | 2 |
| Viðtakandi: fullt nafn og pósthfang, auk póstnúmers | 3 |
| Þar til bært yfirvald á sendingarstað: nafn og pósthfang þar til bærs yfirvalds sem hefur eftirlit með viðskiptaskjali á sendingarstað. Þessa er einungis krafist ef um er að ræða flutning til annars aðildarríkis eða útflutning til þriðja lands. | 4 |

| | Númer reits í fyrirmynd í III. viðauka |
|--|--|
| <p>Flytjandi: nafn og pósthfang þess einstaklings sem sér um að skipuleggja fyrsta flutning (ef annar en sendandi)</p> <p>Aðrar upplýsingar um flutning:</p> <p>Tilgreinið:</p> <p>a) flutningsmáta (vörubifreið, sendibifreið, tankbifreið, bifreið, lestarvagn, lestartankvagn, flugvél)</p> <p>b) skráningarnúmer eða, ef um er að ræða skip, nafn (valfrjálst)</p> | 5 |
| <p>Sendingardagur og, ef aðildarríkið þar sem flutningur hefst mælir fyrir um slíkt, tímasetning sendingar</p> <p>Ef breytt er um flutningsmáta skal flytjandi sem fermir afurðina gefa upplýsingar á bakhlið skjalsins um:</p> <ul style="list-style-type: none"> – sendingardag – flutningsmáta og skráningarnúmer ökutækis og nafn skips – kenninafn sitt, eiginnafn eða heiti fyrirtækis og pósthfang auk póstnúmers | 6 |
| <p>Móttökustaður: raunverulegur móttökustaður ef vörurnar voru ekki afhentar hjá viðtakanda. Vegna vara sem eru fluttar út skal nota eitt af orðunum í 2. mgr. 8. gr.</p> | 7 |
| <p>Lýsing á afurðinni í samræmi við reglugerðir (EBE) nr. 2392/89 ⁽¹⁾ og 3201/90 ⁽²⁾ og aðrar landsbundnar reglur sem eiga við, einkum skyldubundnar upplýsingar</p> <p>Pakkningar og vörulýsingar: auðkennisnúmer og númer á ytri og innri pakkningum</p> | 8 |
| <p>Framhald lýsingar má setja á sérstakt blað sem er fest við hvert afrit. Hægt er að nota pökkunarskrá í þessum tilgangi</p> <p>Vegna búlkaflutninga:</p> <ul style="list-style-type: none"> – vins, skal gefa upp raunverulegan alkóhólstyrkleika – afurða sem ekki eru gerjaðar, skal gefa upp brotstuðul eða eðlismassa – afurða í gerjun, skal gefa upp heildaralkóhólstyrkleika – vína með sykurléifar að hámarki 4 grömm á lítra, skal gefa upp heildaralkóhólstyrkleika til viðbótar við raunverulegan alkóhólstyrkleika | 8 |
| <p>Magn:</p> <ul style="list-style-type: none"> – afurða í búlkum, heildarnettómagn, – pakkaðra afurða, fjöldi og nafnrúmmál þeirra íláta sem eru notað | 9 |
| <p>Viðbótarupplýsingar sem sendingarríki mælir fyrir um: ef mælt er fyrir um slíkar upplýsingar skal fara eftir leiðbeiningum hlutaðeigandi aðildarríkis; ef ekki, skal draga línu á ská yfir reitinn</p> | 10 |
| <p>Vottorð um upprunaheiti: sjá 7. gr.</p> | 11 |

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 232, 9.8.1989, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 309, 8.11.1990, bls. 1.


III. VIÐAUKI

Viðskiptaskjal sem fylgir vínafurðum

| | |
|---|--|
| 1. Sendandi (Nafn og póstfang) | 2. Tilvísunarnúmer |
| 3. Viðtakandi (Nafn og póstfang) | 4. Þar til bært yfirvald á sendingarstað (Nafn og póstfang) |
| 5. Flytjandi og aðrar upplýsingar um flutning | 6. Sendingardagur |
| 8. Lýsing á afurð | 9. Magn |
| 10. Viðbótarupplýsingar sem sendingaraðildarríki mælir fyrir um | |
| 11. Vottorð (tiltekin vín) | |
| 12. Upplýsingar um eftirlit. Fyrir þar til bært yfirvald | Fyrirtæki og símanúmer þess sem undirritar |
| | Nafn þess sem undirritar |
| | Staður og dagsetning |
| | Undirskrift |

IV. VIÐAUKI

SÉRSTAKUR STIMPILL



1. Skjaldarmerki aðildarríkis.
 2. Þar til bært yfirvald eða svæðisstofnun.
 3. Staðfesting.
-